

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



5. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 6. mars. 2016 kl. 13:15 – 14:15 í Hafnarskóla

Fundarstjóri og fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Ingibjörg María Jónsdóttir, Nanna Guðný Karlsdóttir, Árdís Halldórsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Aðalbjörg Baldvinsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Erna Gísladóttir og Styrgerður Jóhannsdóttir.

Dagskrá;

1. **Kynning frá umhverfisteyminu**
2. **Skóladagatal – Drög**
3. **Önnur mál**

Kynning frá umhverfisteyminu

Þórdís Þórsdóttir kennari, Salvör Dalla Hjaltadóttir og Margrét Líf Margeirsdóttir kynntu grænfánann og þau umhverfisverkefni sem tengjast honum. Í umhverfisteyminu eru 14 nemendur ásamt Þórdísi en Rósa Valdimarsdóttir og Guðlaug Úlfarsdóttir hafa verið umhverfisteyminu innan handar auk þess sem allir starfsmenn og nemendur koma að einhverju leyti að vinnu þess.

Grunnskólinn er að flagga Grænfánanum í annað skipti en til þess að fá það þarf skólinn að vera búinn að vinna í tvö ár að sérstökum umhverfisþæmum. Skólinn sótti um að verða skóli á grænni grein 2008 og árið 2014 fékk hann grænfánann í fyrsta skiptið og svo aftur haustið 2016.

Nemendur velja þau þemu sem unnið er að og næstu tvö árin verða lýðheilsa og úrgangur þau þemu sem skólinn ætlar að leggja mesta áherslu á. Fram kom í máli Þórdísar að skólinn er þó að vinna öflugt starf í mörgum öðrum þæmum. Markmið nemenda innan hvors þema er m.a.;

Lýheilsa

Vera með kynningu um líðan hjá nemendum

Vera með könnun til að fá hugmyndir frá nemendum til að bæta líðan nemenda

Vera með hópefli - spila spjalla og kynnast hvert öðru

Auka sjálfstraust með því að hver nemandi skrifar eitthvað jákvætt um annan nemanda

Kynna niðurstöður á skólaslitum

Að öllum líði vel

Úrgangur

Merkja tunnurnar betur

Hengja upp á vegg fræðslu um flokkun

Fá aðra tunnur fyrir plast inn í stofurnar

Skoða möguleika á lífrænni flokkun

Salvör Dalla sagði frá því sem umhverfisteymið gerði síðustu ár - t.d. myndband um endurvinnslu á pappír, skilti sem hafa verið hengd upp, farið var í Nettó og fylgt eftir áherslum á

að minnka umbúðir. Þá sagði Margrét Líf frá því af hverju hún vildi vera með í umhverfisnefndinni en það er til að reyna að fræðast og hafa áhrif í átt að efla umhverfisvernd og sjálfbærni.

Að lokum sýndi nefndin stutt myndband um skóla á grænni grein (eco schools).

Sagt frá því að stefnt er að því að vera með þema í samfélagsfræði og náttúrufræði sem tengist umhverfismennt heila önn á næsta ári og tengja list- og verkgreinar við þessi þemu líka.

Skóladagatal Grunnskólans

Nýjasta útgáfa af skóladagatali lögð fyrir - það er að verða komið á hreint en þó á eftir að ganga frá starfsdögum í samráði við leikskóla. Ýmsar skoðanir eru á því hvernig skóladagatalið á að líta út. Sumir vilja láta skólann hefjast síðar og hætta síðar, aðrir vilja láta hann byrja snemma og hætta snemma og enn aðrir vilja fá vetrarfrí. Eins og skóladagatalið lítur út núna verður einn vorfrísdagur á næsta skólaári, milli sumardagsins fyrsta og helgarinnar. Skólinn hefst 23. ágúst og lýkur 31. maí.

Fundi slitið 14:15